



„LITIRNIR ERU ANDRÚMSLOFTIÐ.“ Sara Riel, Án titils, 2008 Akryl á striga 150 x 140 cm

Litagleði hinna ungu málara

Sýningin **Ljósitlífun** opnaði í gærkvöldi í Listasafni Reykjavíkur með verkum íslenskra málara. *Fréttablaðið* birtir hér sýnishorn af þeim litríku straumum sem er að finna í íslenskri myndlist í dag.

Kynslóð íslenskra myndlistarmanna á það sammerkt að alast upp við sjónmenningu sem mótuð er af myndasögum, tölvugrafík og götulist, og verk hennar-einkennast af mikilli litagleði og sjálf-sprottnum formum. Listamennirnir á sýningunni **Ljósitlífun** eru þau Davíð Örn Halldórsson, Gabriela Friðriksdóttir, Guðmundur Thoroddsen,

Heimir Björgúlfsson, Helgi Þórsson, Jón Henrysson, Ragnar Jónasson, Sara Riel, Sígga Björg Sigurðardóttir, Sigtryggur Berg Sigmarsson og Þórdís Adalsteinsdóttir og sýningarstjóri er Hafþór Yngvason. Vegleg bók hefur verið gefin út í tengslum við sýninguna og tilvitnanir úr henni birtast hér með myndunum. Þess má geta að á morgun verður listamannspjall í tengslum við sýninguna í Hafnarhúsinu klukkan 15.



„ÞÓRÐÍS AÐALSTEINSDÓTTIR FÆST LÍKA VIÐ HIÐ LÍTILMÓTLEGA OG NOTFÆRIS SÉR BANNHELGAR OG ÓVIÐUNANDI HEGÐUN, GEFUN INNRI DJÖFLUM OG VIÐBJÓÐI LAUSAN TAUMINN EN MEÐ EINKAR YFIRVEGÐUM, HLUFLAUSUM OG NOSTURSÓMUM MÁLUNARSTÍL.“ Reykjandi maður. Akryl á striga 91x91 cm Með leyfi frá STUX Gallery, New York.

„LITURINN ER ÞAÐ BRÝNASTA. ÉG LEGG Á MIG SJÁLFSKIPABA LITAPERAPÍU Í ÖLLUM VERKUM.“ Davíð Örn Halldórsson, Hjartavernd, 2009.



„HANN NOTAR ÞRÓTTMIKLA LITI IÐANDI AF LÍFI.“ Jón Henrysson, Lukkuriddarar 1/10.



„FLÆÐI HUGMYNNDI OG SKÖPUNAR EYKST VIÐ ÞAÐ AÐ MÁLA.“ Helgi Þórsson, Án titils, 2009.

